

FRÉTTIR

Stjórnmál

Ég er ekki á leið í Framsóknarflokkinn

Djúpstæður ágreiningur innan Kvenna-lista til A-flokka.
Málamíðlun til að afstýra klofningi. Guðfræðin heillar.

Ef kennalistakonur vilja hafa áhrif til að bæta og breyta stöðu kvenna væri þá ekki langeðilegast að fara í Sjálfstæðisflokkinn? Hann er valdamestur og þarf kannski mest að því að halda að þar komi inn feminínkar raddir, segir Kristín Ástgeirs dóttir, þingkona kennalistans. Hún segir að þótt Sjálfstæðisflokkurinn sé óþlægður akur í þessum efnum, þá veit hún ekki til þess að það sé að döfnni hjá Kennalistakonum að sekjá á innanraða hans. Sjálf segist hún ekki vera á leið í Framsóknarflokkinn, eins og heyrst hefur Hinsvegar segist hún vera mikil að spá í það að fara í guðfræði því það sé „greinilega mikil verk að vinna innan þjóð-kirkjunnar.“

Kristín Ástgeirs dóttir segir að djúpstæður ágreiningur sé innan Kennalistans til viðræðna um samstarf við A-flokkana fyrir næstu þingkosningar. Ónnur fylkingin vill hafa áhrif á það viðræðuférli en hin ekki og telur að það samrýmist ekki stefnumiðum samtakanna.

„Pessi málamíðlun er leið til bess að koma í veg fyrir klofning,“ segir þingkona um samþykkt samráðsfundar Kennalistans um sl. helgi. Hún býst ekki við að þingflokkur Kennalistans muni klofna vegna pessa, allavega ekki í bili.


A-flokkum hafnað
 f samþykkt samráðsfundarins var því hafnað að samtökum kæmu sem held að þessum viðræðum. Aftur að móti var eiðilegt að konur innan samtakanna geti tekið þátt í vinnu með ólíkum hópum þar sem framboð til Alþingis vært til umræðu.

Kristín segir að það verði síðan að koma í ljós hvernig þessi mál muni þróast innan Kennalistans og þá ekki síður viðræður A-flokkanna. Hún býst við að þetta mál muni verða til frekari umræðu á landsfundum Kennalistans sem haldinn verður um miðjan nóvember nk. Hinsvegar eigi þessi samþykkt ekki við sveitarstjórnar-mál og því sé það ekkert tilræði við framtíð R-listans né samvinnu Kennalistans við aðra flokkka í bærar- og sveitarstjórnunum.

Töluverðra vonbrigða hefur gætt meðal einstakra flokksmanna í Alþýðubandalagi og Alþýðuflokkni með þessa afstöðu samráðsfundarins. Meðal annars hefur því verið haldið fram að þarna sé Kennalistinn að tapa mikilsverðu tækifæri til að hafa áhrif á þróun flokkanna.

Kristín segir að hún og fleiri innan Kennalistans sjá ekkert nýtt í þessum viðræðum og þaðan af síður að þær muni leiða til einhvers. Allt annað væri uppá teningnum ef fólk væri tilbúið að ræða framtíðina í stjórnmálum með hreint bord í stað þess að byggja þa einkum a tveimur hefðbundnum og gömlum stjórnálaflokkum.

-grh



Kristín Ástgeirs dóttir, þingkona Kennalistans: Þingflokkurinn klofnar ekki í bili að minnsta kosti.

Sjávarútvegur

Samherji kvótahæstur með 29 þús. tonn

Verðmæti heildarkvótans í fiskveiðilögssögunni er 316 milljónar króna.

Nýtt fiskveiðiár hófst í gær og eru 20 stærstu útgerðir landsins með liðlega helming alls kvóta landsmanna innan fiskveiðilögssögunnar. Mestan kvóta hefur Samherji hf. á Akureyri, tær 29 þúsund þorskigildistönn, ef dótturfyrirtæki eins og Friðþófur á Eskiþrófi og Fiskimjóll & lýsi í Grindavík eru talin með. Mestu breytinganna milli ára hjá Samherja gætir í samein-

ingu Hrannar á Ísafirði fyrr á árinu. Alls eru þetta 6.6% alls kvótans, sem er 440.713 þúsund þ.íg.tonn. Kvóti áðurnefndra dótturfyrirtæka er um 4 þúsund íg.þtonn. Næstur kemur Haraldur Böðvarsson á Akranesi með 19.200 þ.íg.tonn, Þormóður rammi-Sæberg á Siglufjörð/Ólafsfirði með nær 19 þúsund þorskigildistönn, Útgerðarfélög Akureyringa með 15.200 þ.íg.tonn, Grandi í Reykjavík með 15 þúsund þ.íg.tonn, Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum með 14.400 þ.íg.tonn, Básafell á Ísafirði með 13.600 þ.íg.tonn og Þorðbjörn í Grindavík með 10.400 þ.íg.tonn.

Porskkvótinn er nú 218 þúsund tonn og er aukinn um 19% milli ára og steinþitskvótinn er 13 þúsund tonn og er aukinn um 23% milli fiskveiðiára. Kvótar annarra fiskitegunda taka lítlum breytingum milli ára. Kvótahæsta skip flotans, sem og á síðasta ári, er fjölvéiðiskipin Sunna SI-67, eign Þormóðs ramma-Sæbergs með 4.815 þ.íg.tonn. Kvótahæsti fisktogarinn er ÚA-togarinn Kaldbakur EA með 4.759 þ.íg.tonn. Af loðnuskipum er Samherja-skipið Þorsteini EA kvótahæst með 4.612 þ.íg.tonn en þessi skip eru einnig kvótahæst í sameiginlegum lista. Verðmæti heildarkvótans er um 316 milljarðar króna, sé gengið út frá því að verð að varanlegum þorskkvóta sé í dag 720 kr/kg. Þannig er verðmæti kvóta Samherja 21 milljarðar króna og kvóti Haraldur Böðvarssonar á Akranesi nær 14 milljarðar króna. Verðmæti kvóta ÚA er 11 milljarðar króna og þannig ræða þessi stóru útgerðar- og fiskvinnsluþyrtaekí á Akureyri yfir kvóta sem nemur að verðmæti 32 milljörðum króna. GG

Starfsfólk

vantar í sláturtíð sem hefst 11. sept. nk.
 Þeir sem starfað hafa undanfarin haust og vilja koma aftur, láti í sér heyra sem fyrst.

Slátturhús



sími 463 0443.

Alltaf í boltanum...



Furuvöllum 3 · 600 Akureyri · Sími 461 2288 · Fax 462 7187

Skrifstofa Íslandsflugs á Akureyrarflugvelli:

461 4050

Simbréf 461 4051

